

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 109/2008

2013/EES/4/24

frá 15. janúar 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ⁽³⁾ voru settar reglur um notkun fullyrðinga sem koma fram í merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

2) Bannað er að nota heilsufullyrðingar nema þær uppfylli almennu og sértæku kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006, og séu tilgreindar á skráum Bandalagsins yfir leyfilegar heilsufullyrðingar. Ekki er enn búið að fastsetja þessar skrár yfir heilsufullyrðingar samkvæmt málsmeðferðinni sem tilgreind er í þeirri reglugerð. Þessar skrár voru því ekki í gildi 1. júlí 2007 þegar sú reglugerð kom til framkvæmda.

3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er því kveðið á um aðlögunarráðstafanir fyrir aðrar heilsufullyrðingar en þær sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilsu barna.

4) Ekki var þörf á aðlögunarráðstöfunum fyrir heilsufullyrðingar sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu. Þar eð fullyrðingar, er varða forvarnir, meðhöndlun eða lækningu sjúkdóma, eru bannaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽⁴⁾, og nýr flokkur fullyrðinga, sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu, var innleiddur með reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ættu vörur, sem bera slíkar fullyrðingar, ekki að vera á markaði Bandalagsins.

5) Flokkur fullyrðinga, sem vísa til þroskunar og heilsu barna, var innleiddur seint á málsmeðferðarferlinu fyrir samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 án þess að kveðið væri á um aðlögunarráðstafanir. Vörur, sem bera slíkar fullyrðingar, eru hins vegar þegar komnar á markað Bandalagsins.

6) Til að komast hjá röskun á markaðnum er því við hæfi að sömu aðlögunarráðstafanir gildi fyrir fullyrðingar, sem vísa til þroskunar barna og heilsu, og fyrir aðrar heilsufullyrðingar.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1924/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB má nota eftirtaldar fullyrðingar ef þær hafa verið leyfðar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 15., 16., 17. og 19. gr. þessarar reglugerðar, í því skyni að færa þær í skrá Bandalagsins yfir leyfilegar fullyrðingar af því tagi, ásamt öllum nauðsynlegum skilyrðum fyrir notkun þeirra.

a) Fullyrðingar um að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu.

b) Fullyrðingar sem vísa til þroskunar barna og heilsu.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 7.

⁽¹⁾ Álit frá 26. september 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjttíð. ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. desember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjttíð. ESB) og ákvörðun ráðsins frá 11. janúar 2008.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9. Leiðrétt í Stjttíð. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/68/EB (Stjttíð. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 11).

2. Í stað inngangsmálsliðar í 6. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

2. gr.

„Um heilsufullyrðingar, aðrar en þær sem um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr. og hafa verið notaðar í samræmi við landsbundin ákvæði fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar, gildir eftirfarandi:“.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LENARČIČ

forseti.
